



Pési

Næsti Pési kemur út
11.júní. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
8.júní 2015.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Nú eru úrslit ljós í Bókaverðlaunum barnanna 2015. Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur umsjón með verkefnum en þá gefa börnin þeim bókum sem þeim finnst skemmtilegast atkvæði sitt og fer kosning fram í almenningsbókasöfnum og skólasöfnum um land allt.

Inn á heimasíðu bókasafnsins <http://bokasafn.fludir.is/> má lesa um niðurstöður úr Bókaverðlaunum barnanna 2015.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Aðalfundur deilda UmfH

Sameiginlegur aðalfundur körfubolta-, fjálsíprótta-, knattspyrnu- og fimleikadeildar Ungmennafélags Hrunamanna verður haldinn þann 26.maí kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

-Formaður og ritari körfuboltadeildar gefa ekki kost á á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

- Gjaldkeri fimleikadeildar gefur ekki kost á á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

-Formaður,ritari og gjaldkeri knattspyrnudeildar gefa ekki kost á á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Stjórnir deildanna.

Einnig verður aukaáðalfundur UMFH haldinn samhliða.

Maí 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
293 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og hann heilsar okkur frekar kuldalega þetta árið. Það hefur þær afleiðingar að ýmsum vorverkum mun seinka. Vonandi vinnst það upp með góðu sumri því þó bjartsýnin sé góð verður víst seint allt ræktað með henni einni saman.

Nú er búið að leggja fram ársreikning fyrir árið 2014 og hann afgreiddur af sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam tæpum 39 millj. sem er verulega umfram áætlanir. Helstu ástæður þess eru að tekjur af útsvari reyndust meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og lág verðbólga hjálpaði mikið til. Á móti kom að vegna áhrifa kjarasamninga varð launakostnaður meiri. Það sem er ánægjulegt að áætlanir um útgjöld reyndust samt nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið skynsamlega og að afgangur verði að duga fyrir venjulegum fjárfestingum. Skuldhlutfall sveitarfélagsins hækkar að vísu á móti úr 79% í 82% en það kemur til út af lántökum vegna stækkunnar íþróttahússins. Ég vona samt að það verði allt gert til þess að verðbólgan haldist lág í framtíðinni því samkvæmt reynslu síðasta árs er það aðal rekstrar- og kjarabót okkar allra.

Sveitarstjórn er búin að samþykkja atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp og er hún sett upp þannig að reynt er að átta sig á því hvernig atvinnulífið stendur í sveitarfélaginu og hvert eigi að stefna. Síðan eru gerð 2ja ára markmið með ákveðinni aðgerðaáætlun með árangursmælikvörðum og síðan á að endurskoða málin og markmiðin eftir tvö ár. Þó sveitarfélagið sé í sjálfu sér alltaf beint eða óbeint í atvinnumálum er þetta ákveðið vinnuferli sem hjálpar til að halda fókus á verkefninu og vonandi stuðlar að betri framkvæmd.

Sveitarfélagið hefur í samstarfi við forsætisráðuneytið auglýst lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum. Einn aðili lýsti áhuga á þessu verkefni og var það Fannborg ehf sem er núverandi rekstaraðili í Kerlingarfjöllum. Málið er allt dálítið flóknara vegna þess að Kerlingarfjöll eru í þjóðlendu. Mikilvægt er að vel takist til með að þarna sé ábyrgur rekstaraðili sem einnig geti sinnt ákveðinni landvörslu á svæðinu.

Nauðsynlegt er að hafa gott eftirlit og umsjón með svæðinu enda má maður hálfpartinn eiga von á ferðaþjónustuævintýri í Kerlingarfjöllum, sérstaklega ef samgöngur komast í betra horf á Kjalvegi.

Sveitarstjórn hefur einnig ákveðið að fara í útboð á sorphirðu í sveitarfélaginu á grundvelli tveggja tunnu kerfis, þ.e. grá- og blátunnu.

Skoðað hefur verið með samstarf við nágrannasveitarfélögin um sameiginlegt útboð og einnig hefur farið fram góð greiningarvinna

hjá Tæknisviði Uppsveita á fyrirkomulagi á flokkun sorps í Uppsveitum og Flóa. Að þessu sinni reyndist ekki unnt að fara sameiginlega í útboðsleið, m.a. vegna þess að óvissa er hvar við Sunnlendingar endum í móttökustað á sorpi og hvaða fyrirkomulag á flokkun verður til framtíðar.

Tómas Þórir hættir í haust þannig að við getum ekki beðið og í sjálfu sér er ekki alslæmt að bjóða út einir að því leyti að þá ættu smærri aðilar að meiri möguleika að bjóða í verkið. Síðan erum við með ákveðna sérstöðu hvernig við stillum upp eignarhaldi á ílátum og öðru. Hins vegar hefur sveitarfélagið einnig samþykkt að fara í vinnu við frekari aðgerðir til að halda eftir lífrænum úrgangi en það er mjög mikilvægt að fara í aðgerðir til að halda honum eftir hér heima. Það mætti t.d. hugsa sér að nota „röraaðferð“ Skeið- og Gnúp í dreifbýli, stuðla að notkun moltuíláta, nýta mögulega kalkblanderann samhliða vinnslu á seyru o.fl. sem gæti komið til. Ég vil hvetja alla til að flokka sorp og einnig minni ég á að fyrirtæki eiga möguleika á að leigja af sveitarfélaginu 1.100 l eða 660 l blátunnuör undir pappír. Getur verið sniðug aðferð til að auðvelda sér verkin.

Að lokum vil ég þakka þeim fyrir sem tóku þátt í rusladeginum mikla í Hrunamannahreppi þann 8. maí s.l. Sérstakar þakkir fær þó ruslamálaráðherrann hann Óskar og skólarnir okkar en það er til fyrirmyndar að leik- og grunnskóli taki þennan dag hátíðlega. Ég vil síðan hvetja íbúa og fyrirtæki til að hafa alla daga rusladaga í sjálfu sér þannig að við séu öll meðvituð um að það skiptir miklu máli að umhverfi sveitarinnar líti vel út.

Eigum góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Amper frá Kílhrauni IS2008187882

Aðaleinkunn: 8,12

Kostir: 8,21

þar af 9,0 fyrir tölt, brokk og stökk og 9,5 fyrir fet

Sköpulag: 7,98

þar af 8,5 fyrir samræmi og fótagerð og 8,0 fyrir höfuð, háls og bak



Skrefmikið, há fótlyfta



Svífmikið

Amper tekur á móti hryssum í Borgarkoti á

Skeiðunum í sumar. Það er hægt að koma með hryssur til hans hvenær sem er í sumar.

Verð 65.000.- innifalið girðingagjald og 1x sónar

þeir sem hafa áhuga á að koma með hryssu undir Amper

geta haft samband í s. 868-6742 (Bára)

862-0821 (Ragnhildur) eða sent skilaboð á


bara@fludaskoli.is / ragnhildur.eythors@gmail.com



Taktgott, mikið framgrip, skrefmikið



Glæsilegt folaid undan Amper



Kæru sveitungar.....

Sumarmatseðillinn, með öllum sínum
kraesingum, verður tekinn í notkun
fimmtugdagn 14. maí,
uppstigningadag.

Bjórinn verður kominn á kranann
og af því tilefni verður **filboð**.
Stór af dælu á kr. 750,-.

Opnunarfimi okkar er
alla daga kl. 11:30 - 21:00.



Filboð ehf.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



HVAMMUR II
garðyrkjustöð

Garðyrkjustöðin Hvammur 2
(Við Flúðir)

Höfum til sölu úrval af trjám,
runnum og sumarblómum.

Matjurtir og kryddplöntur.

Gjafabréf.

Símar: 4866640, 8956014

Jóhannes,

8642154 Kristín, 8980913 Helgi

Netfang: hvammur2@simnet.is

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hrunamannahreppur

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmdaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Facebooksíða Hrunamannahrepps

www.facebook.com/hrunamannahreppur

Nú hef ég, Daði Geir Samúelsson, séð um facebooksíðu Hrunamannahrepps í tæp fjögur ár og dag frá degi hefur hún vaxið og dafnað. Byrjaði ég vegna þess að mér fannst vanta að upplýsingar um það sem er að gerast í hreppnum kæmust betur á framfæri. Eftir að síðan var búin að vera starfrækt í nokkurn tíma óskaði Hrunamannahreppur eftir því að taka þátt í þessu með mér og hefur það samstarf gengið vel og vinnum við saman að því að koma upplýsingum á framfæri.

En ég vil gera enn betur og vil því hvetja fólk til að senda mér upplýsingar um hverskonar viðburði sem framundan eru í hreppnum, áhugaverðar fréttir sem tengjast Hrunamönnum í leik og starfi, myndir af hreppnum og íbúum hans bæði gamlar og nýjar og fleira. Ég vil miðla upplýsingum um okkar góða Hrunamannahrepp því ég er stoltur af því að vera Hrunamaður og vil að fólk fái upplýsingar um það sem við Hrunamenn erum að fást við, fyrir okkur Hrunamenn og aðra sem áhuga hafa á hreppnum. Ég reyni eftir fremsta megni að skanna veraldarvefinn og fylgjast með póstinum og koma upplýsingum á framfæri en auðvitað fer margt fram hjá mér og því vil ég hvetja fólk til að koma upplýsingum beint til mín. Fólk er að skoða síðuna og það mesta sem ég hef séð er að ein mynd náði til 4.000 manns og 1.000 til 5.000 manns skoðar síðuna á viku hverri og mun halda áfram að vaxa enn frekar ef þið eruð tilbúin til að hjálpa mér.

Hægt er að koma upplýsingum til mín á margan hátt. Senda skilaboð inná facebooksíðu Hrunamannahrepps, senda mér persónulega skilaboð á facebook, senda mér tölvupóst á dadi-geir@hotmail.com eða hringja í síma 868-1758.

Ég vil hvetja alla til að kíkja inná síðuna www.facebook.com/hrunamannahreppur og smella einu „like“ á hana og fylgjast með öllu því skemmtilega sem er að gerast í Hrunamannahreppi

Með kærri sólskinskveðju

Daði Geir Samúelsson

umsjónarmaður facebooksíðu Hrunamannahrepps

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Frá Ungmennafélagi Hrunamanna.

Þann 22. apríl var haldinn aðalfundur félagsins þar sem kosinn var nýr formaður en aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram. Elsa Ingjaldsdóttir tók við formannsembættinu. Aðrir í stjórn eru Valdís Magnúsdóttir gjaldkeri, Halldóra Hjörleifsdóttir ritari, Óskar Rafn Emilsson meðstjórnandi og Samúel Unnsteinn Eyjólfsson meðstjórnandi. Er fráfarandi formanni, Erlu Arnardóttur, þökkuð hennar störf.

Mörg spennandi verkefni bíða Ungmennafélagsins og er stækkun íþróttahússins eitt af þeim. Til að halda upp fjölbreyttu íþróttastarfi mun þurfa meira fjármagn til kaupa á áhöldum og búnaði en UMFH ræður við. Það er trú okkar að með samstilltu átaki íbúa sveitarinnar muni það hins vegar takast.

Á næstunni munu íbúar Hrunamannahrepps fá bréf frá Ungmennafélaginu þar sem leitað verður eftir stuðningi ykkar við að búa íþróttahúsið áhöldum og tækjum fyrir fjölbreytt íþróttastarf á vegum UMFH.

Með von um jákvæðar undirtektir og bjartsýni til framtíðar.
Stjórn UMFH

Tek að mér að afleysingar og ýmiskonar vinnu, fyrir bændur og aðra sem þess óska.

Mads Jörgensen S:8458307
Reykholt



Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 22. maí 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímamantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Söngsveitin Tvennir tímar

Heldur vortónleika laugardaginn 16. maí kl. 15:00
í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum.

Aðgangseyrir kr. 1500

Kaffi á könnunni.



Stjórnandi: Stefán Þorleifsson

**Sönghópurinn frá G til G kemur einnig fram
undir stjórn Stefáns Þorleifssonar.**

Sundlaugin á Flúðum. Vetraröfnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Í maí er opið: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 16:30-20:30

Föstudaga til sunnudaga: LOKAÐ.

Í júní er opið: Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:00-20:00.

Í júlí er opið: 2.júlí frá kl. 17:00-20:00.

6-20 ágúst er opið: Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:00-20:00

Frá Hrunaprestakalli

Geðilegt sumar kæru sveitungar!

Þótt sumarið hafi aðeins látið standa á sér þá létum við það ekki aftra okkur og blésum til fjölskylduguðsþjónustu í Ólafsvallakirkju á sumardaginn fyrsta til að fagna sumarkomu. Börn úr Þjórarskóla sungu vor- og gleðisöngva svo undir tók í kirkjunni. Stjórnandi var Helga Kolbeinsdóttir og undirleikari Magnea Gunnarsdóttir. Kirkjan var þétt setin og tóku viðstaddir vel undir í sálmasöng og sunnudagaskólalögum. Góð byrjun á sumri.

Af starfi kirkjukóranna

Starf kirkjukóranna í prestakallinu hefur verið kröftugt sem fyrr. Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna ákvað í haust að ráðast í það stórvirki að gefa út á hljómdisk nokkra af þekktustu sálum sr. Valdimars Briem. Undirbúningur hefur staðið yfir í allan vetur undir forystu Þorbjargar Jóhannsdóttur organista og upptökur fóru síðan fram í Skálholtsdómkirkju nú um miðjan apríl. Ef allt gengur að óskum verður hljómdiskurinn kominn í dreifingu með haustinu en þá er ætlunin að fylgja útgáfunni eftir með tónleikum. Sr. Valdimar er sem kunnugt er eitt afkasta trúarskáld okkar og margar eru perlurnar úr sálmasjóði hans. Á meðal þekkttra sálma sem verða á hljómdisknum má nefna „Ég horfi yfir hafið“, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“, „Nú árið er liðið í aldanna skaut“ og „Þú Guð sem stýrir stjarnaher“. Einstaklega vel fer á því að kirkjukórinn úr sveitinni sem sr. Valdimar þjónaði nánast allan sinn starfsaldur, og var honum alla tíð svo kær, skuli hafa ráðist í þetta verkefni. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna fór í sína árlegu vorferð nú í apríl og fór þá í heimsókn til sr. Eiríks og Helgu í Háteigskirkju. Tóku þau hjónin vel á móti kórfélögum, eins og vænta mátti, og launaði kórinn móttökurnar með söng í kirkjunni á eftir. En á meðal helstu viðburðanna í starfi kórsins á þessum vetri, fyrir utan hefðbundið helgihald, má nefna hina árlegu vetrarsólstöðutónleika í Hrunakirkju sem ævinlega eru vel sóttir og líta má á sem ómissandi hluta af lokaundirbúningi jólanna í hugum margra. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Stefán Þorleifsson.

Fermingar og „1865-messa“

Framundan er ferming í Hrunakirkju og í Stóra-Núpskirkju um hvítasunnu. Alls eru þrettán fermingarbörn í prestakallinu þetta árið en fyrsta fermingin á þessu vori var í Ólafsvallakirkju á annan í páskum. Þá er einnig hátíðarmessa í vændum sunnudaginn 7. júní kl. 14, svokölluð „1865-messa“, sem er liður í 150 ára afmælis dagskrá Hrunakirkju. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup messar ásamt sóknarpresti en stuðst verður við messuformið sem í gildi var þegar kirkjan var vígð árið 1865 og þá mun kirkjukórinn syngja sálma þess tíma einnig. Fólk er hvatt til að mæta til messunnar í þjóðlegum klæðum (t.d. íslenskum þjóðbúningi) og einnig væri ánægjulegt ef einhverjir kæmu ríðandi til messu. Allt er það hugsað til að fanga stemningu liðinna tíma. Boðið verður upp á léttar kaffiveitingar í safnaðarheimili kirkjunnar á eftir.

Aðalsafnaðarfundir og starfið í sumar

Aðalsafnaðarfundir í sóknunum fjórum í okkar prestakalli fóru fram nú í apríl og maí og má lesa um þá á heimasíðu kirkjunnar hruni.is. Einnig má þar finna upplýsingar um þau sem sitja í sóknarnefndum svo og um helgihaldið í kirkjunum okkar. Hér eru að lokum helstu viðburðirnir framundan:

24. maí – hvítasunnudagur: Ferming í Hrunakirkju kl. 13:30.

25. maí – annar í hvítasunnu: Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11

—
7. júní: 1865-messa í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. Kvöldmessa í Ólafsvallakirkju kl. 20:30

17. júní: Helgistundir í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögumunum tveimur.

21. júní: Guðsþjónusta í Steinsholtskirkjugarði kl. 10:30. Kvöldmessa í Hrepphólakirkju kl. 20:30

Með sumarkveðju og blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Vil selja bókaskáp, stærð 160*85cm. Fjórar færanlegar hillur og ein föst. Upplýsingar í síma: 865 3523



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Hrunamannhreppur

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 15. júní til og með 17. júlí í sumar.
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir
á árunum 1999 –2001.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. maí
á Skrifstofu Hrunamannhrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 , eða á netfang:
hruni@fludir.is



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Kaffi-Sel, golfskálanum að Efra-Seli

Opið alla daga frá kl. 8.00 til 20.30

Bændamarkaðurinn mun opna um mánaðarmótin, maí – júní.

Verið hjartanlega velkomin
Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is Facebook – Kaffi-Sel

Stóðhestar sumarið 2015

Fyrri gangmál:

Kolskeggur frá Kjarnholtum 1
IS2008188560

Dómur 2014

Bygging: 8,74 Hæfileikar: 8,65

Aðaleink.: 8,69

Kynbótamat: 124

Verð á folatolli með girðingargjaldi og einni sónarskoðun er krónur 148.800 með vsk.

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.700



Seinna gangmál:

Aðall frá Nýjabæ IS1999135519

Dómur 2006

Bygging: 8,13 Hæfileikar: 8,97 Aðaleink.: 8,64

Kynbótamat: 123

Aðall er með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og mun væntanlega hljóta heiðurs verðlaun fyrir afkvæmi á næsta ári.

Verð á folatolli með girðingargjaldi og einni sónarskoðun er krónur 124.000 með vsk.

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.700.

Vinsamlegast pantið sem fyrst, hér er um vinsæla hesta að ræða, félagsmenn ganga fyrir ef pantað er fyrir 25. apríl og eins óskast fyrri pantanir staðfestar fyrir sama tíma.

Pantanir eru hjá Sigurði Hauk

í síma 894-3059 eða

skollagrof@skollagrof.is



Taktu daginn frá.



Laugardaginn 30. maí verður viðburðurinn Borg í sveit – alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í fyrsta skipti. Þann dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Dagskrá verður auglýst síðar.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur.

Kveðja íbúar og fyrirtæki í Grímsnes- og Grafningshreppi

Miðhof 6 til leigu frá 1. ágúst.

Frekari upplýsingar fást hjá Kristínu Magdalenu Ágústsdóttur í síma 690-4541 og Úlfari Guðbrandssyni 662-0147 eða í netfangið jag3strakar@hotmail.com

Íþróttadeild Ungmennafélags Biskupstungna óskar eftir að ráða þjálfara til starfa skólaárið 2015 – 2016.

Um er að ræða þjálfara í knattspyrnu, körfubolta, frjálsum og í fimleikum fyrir börn á grunnskólaaldri. Við leitum að öflugum einstaklingi eða einstaklingum sem eru tilbúnir að byggja upp íþróttastarfið okkar og gera það líflegt og skemmtilegt. Við erum opin fyrir nýjungum eins og dansi, crossfit, sundi, boxi eða hverri þeirri íþrótt er laðað getur að unga iðkendur. Einnig gæti verið tækifæri fyrir viðkomandi þjálfara að vera með tíma fyrir fullorðna einstaklinga í íþróttahúsinu í framhaldi af ungmennafélagsæfingum.

Starfið hefst í byrjun september 2015 og stendur fram í miðjan maí 2016. Tímasetningar eru eftir kl. 15 mánudaga til fimmtudaga og fjöldi tíma í hverri grein er umsemjanlegur.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið aglak@blaskogaskoli.is

UmfBisk, Reykholti



Frá verðlaunaafhendingu á Halldórmóttinu í skák.



Keppendur á Halldórmóttinu

Hjónaballsvísur 2015,-Leiðrétting

Hann Kalli í Skipholti skotmaður er
og störrunum langaði' að fækka hjá sér
það fór soldið illa og allt fór í vaks
í helvitis traktornum, rúðan í mask

Um áramót Beni var skotglaður gaur
En Grétar á kantinum taldi sinn aur
Þá bændur í hverfinu fóru í fjós

Og fljótir í vari þeir tæmdu úr dós

Viðlag

Hey! Hreppmenn, Hreppmenn gleðjumst í kvöld

Nú sláum við metið á þessari öld

Er heimleidis höldum við skellum í geim

Því fjölga þarf blessuðum börnunum þeim!

Í hestaferð fóru í Hallarmúlann

en ferðin varð lengri en grunaði mann.

Þó sól skini' í heiði og gatan svo greið

á glapstigum lentu og villtust af leið.

En seint og um síðir þau skiluðu sér

og skáluðu meira en æskilegt er.

Til morguns var sungið hvert kvæði í kross

í heimferð þá vantaði þó nokkur hross.

Viðlag:

Hey! Hreppmenn, Hreppmenn gleðjumst í kvöld

Í búðinni berast vist fréttirnar skjótt

Og börnin þau fæðast tveim dögum of fljótt.

Í eilifu kappi'um að komast fyrst að

Þar kjörbúðakonurnar sjá vist um það.

Að búa til sögur það þykir þeim smart

það þarf ekki mikið svo verði þeim vart.

Bláljósabíllinn hann brunaði burt

Þær töldu að börnunum fjölgaði smurt.

Viðlag

Hey! Hreppmenn, Hreppmenn gleðjumst í kvöld

Í vetur þá viðraði illa um stund

og grunnskólinn lokaði eftir einn fund

En Undralandsdómur sér skelltu í stakk

Nú skildu þær börnunum koma á flakk.

Þá grunsemdir fóru að færast í vöxt

Hvort konan þá væri hjá póstinum löxt

Því þakkarnir hru_undu heima á gólf

Hann notaði barnana flokkunarhólf.

Til fjallferðar allmargir fóru í ár

en finna þó mátti á hvarminum tár

Því fjallskilaneftindin vill brennivín burt.

En þótti það fjallmönnum helviti burt.

Viðlag x2

Hey! Hreppmenn, Hreppmenn gleðjumst í kvöld



Smárafréttir



MAÍ 2015

Firmakeppni Smára 2015 var haldin hátíðlega 1. Maí á Flúðum. Frábært veður var til mótahalds og voru skráningar á mótið ríflega 60 talsins. Haldið var upp á 70 ára afmæli Smára sem var 1 mars síðastliðinn eftir firmakeppnina. Félagið bauð upp á kaffi og veitingar og hátíðardagskrá var í reiðhöllinni þar sem börn og unglingar félagsins fóru með aðalhlutverk í glæsilegum atriðum.

Stjórn Smára vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í að gera þennan dag eins frábæran og ógleymanlegan og hann var. Sveitafélögum okkar, Skeiða og Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp og einnig nágrannafélögum og samstarfsaðilum í hestamannafélögum Loga og Trausta þökkum við kærlega veittan hlýhug og gjafirnar. Þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu firmakeppnina er þakkað sérstaklega fyrir sitt framlag sem og þáttakendum, áhorfendum og öllum þeim sem lögðu leið sína á Flúðir 1 maí.



Styrktaraðilar firmakeppni Smára 2015



Akrílmálun ehf, Auðsholtsbúið ehf, Ásólfstaðir, Fákshólar, **Baldvin og Þorvaldur ehf, Bílar og Lömb, Grafarbakka** Bjarni og Bryndís Háholti, Bjarni og Lára Blesastöðum 2A **Blesastaðir 1A, Bolette Hæli, Bólfélagar Ásatúni, Flúðafiskur** Brigitte Brugger, Búgarðurinn Brúnum, Búið og Gert, Dalbær, **Búnaðarfélag Hrunamanna, Búnaðarfélag Skeiðahrepps,** Bökun Auðsholti, Efra Langholt, Eiríkur og Unnur Lísa Vorsabæ **Ferðapjónustan Steinsholti, Félagsheimilið Flúðum, Fjallaraf** Flúðaleið, Flúðasveppir, Flúðaverktakar, Fótboltagolfið Markavelli **Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum, Garðyrkjustöðin Melum** Kaffi Grund, Glæsineglur Kristínar, Grænagerði ehf, Gröfútækni **Halla og Bikki Hæli, Harri Hamar, feti framar, Haukholt 1, Jörfi** Hestaleigan Syðra Langholti, Hlemmiskeið 2 ehf, Hlíðarbúið **Hófadynur ehf, Hótel Flúðir, Hrafnhildur og Oddur Stöðulfelli** Hraunteigur ehf, Hrossaræktarbúið Hlemmiskeiði 3, Hrepphólabúið **Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2, Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2** Hrossaræktarbúið Miðfelli 5, Hrossaræktarbúið Skollagróf **Hrossarækarfélag Hrunamanna, Hrosshagi Hestamiðstöð** Hrunamannahreppur, Hugur og List, Hulda og Dóri Hrepphólum **Hæll ehf, Hænsnahöllin Húsatóftum, Ingvar og Svala Fjalli** Íþróttahúsið Flúðum, Jón Hermannsson, Jörðin Jaðar ehf **Jón og Þorgeir Efri Brúnavöllum, Jón og Helga Skeiðháholti** Kaffi Mika, Kaffi Sel, kílhraun.is Kjöt frá Koti, Korn Grís Laxárdal **Kurlproject Iceland, Kúabúið Haga, Kúabúið Kotlaugum, Reykir** Landstólpi ehf, Kúabúið Stóru Mástungu, Land og Hestar **Magga og Palli Núpstúni, Magnús Víðir Guðmundsson, Ólafsvellir** Margrét Steinþórsdóttir Háholti, Meike og Ralf Glóruhlíð **Miðfellshestar, Adda og Einar Logi, Norðurgarður ehf, Ósabakkabúið** Pizzavagninn, Rabarbía Löngumýri, Rabbarbaraflokkurinn **S.R.Grænmeti, Sauðakofinn Fossnesi, Sigurður Ingi Jóhannsson** Sigfús og Rosemarie Vestra Geldingaholti, Sigurður Kárason Öxl **Skarðsbúið, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Skeiðháholt 3 ehf** Skipholt 3, Skjól, Smári Vignisson, Stefán Hrepphólum, Strá ehf **Steinker ehf, Stína Kokkur, Styrmir og Kristín Erla** Sauðfjábúið Syðra Langholti, Svína og fjárbúið Haga 2 **Syðra Langholt Gistiheimili, Tamningarstöðin Efri Brúnavöllum** Tamningarstöðin Langholtskoti, Tolt.nu hnakkar og reiðtygi **Toyota Selfossi, Tómas Þórir Jónsson, Tré og Straumur ehf** Túnsbergsbúið, Verslunin Árborg, Vesturkot **Vélaverkstæði Einars, Viola, snyrtistofa Flúðum, Vörðufell ehf** Þrándarholtsbúið, Þverspyrna

Úrslit og myndir má finna á facebook og www.smari.is



HÆ KRAKKAR ... Við kláruðum Uppsveitadeild Æskunnar þann 10.maí og við óskum öllum duglegum knöpum til hamingju með frábæran árangur! Við í Smára þurfum ekki að kvíða framtíðinni þegar unga kynslóðin tekur við – það er klárt mál eftir liðnar vikur þar sem börn og unglingar sreyttu sig í Uppsveitadeild Æskunnar og Firmakeppni.



Hafið bestu þakkir fyrir yndislega afmælisýningu í tilefni 70 ára afmælis Smára!

Næst á dagskrá hjá okkur er **Hestheimaferð 29.-31.maí og Brokk og Skokk 21.júni. Endilega takið þessa dagsetninga frá!**

Dagskrá HESTHEIMAFERÐ 29-31 maí með Logakrökkunum

Föstudagur 29.maí

16:00-17:00 Mæting í Hestheimum, farið með dótið upp á loft og hestunum komið fyrir.

17:15 Hittingur í reiðhöllinni og nokkrir leikir (án hesta) til að hrista hópinn saman.

18:00 Keppni í fördun/hárgreiðslu hestanna (við sköffum það sem þarf)

18:30 Tökum hring í reiðhöll þar sem allir sýna/kynna hestana sína. Kjósnum flottustu hestahárgreiðsluna og afhendum verðlaun.

19:00 Kvöldmatur og kvölddagskrá:

Spilakvöld og Hestaspurningaleikur "Hestaquizz"

Laugardagur:

9:00 morgunmatur

10:00-12:00Hópur A/Hópur B/Hópur C Reiðkennsla 40 mín/Bókleg kennsla 40 mín/útreiðatúr 40 mín (hópar skiptast á)

12:00 Hádegismatur

12:-14:00 Frír tími

14:00 -16:00 Hópur A/Hópur B/Hópur C

Reiðkennsla 40 mín/Bóklegt 40 mín/útreiðatúr 40 mín(hópar skiptast á)

16:00 Kaffi

17:-18:00 Þrifa og bera á reiðtyggi (við sköffum það sem þarf.)

18:-19:00 Frír tími

19:00 kvöldmatur

20:00-22:00 Kvölddagskrá - Krakkarnir hanna hestasýningu fyrir næsta dag þegar foreldrar koma og sækja. Þau skipuleggja reiðleiðir í höllinni, velja tónlist o.s.frv.

Sunnudagur:

9:30 Morgunmatur

10-11:00 Sameiginlegur útreiðatúr

12:00 Hádegismatur

13:00 Æfing á hestasýningu

15:00 Foreldrar koma og horfa á sýningunaog sækja krakka og hesta.

Aldurstakmark:

10 ára og eldri

Verð á mann: 15.800 kr (aukalega 1.500 kr fyrir þá sem vilja fá hest lánaðan).

Skráning: smarakrakkar@gmail.com með nafn og kennitölu. Endilega takið fram ef þið viljið fá hest lánaðan frá Hestheimum.



Séð inn í viðbyggingu Íþróttahússins



Frá rusladeginum þann 8 maí:)